

## AUGLÝSING

### ríkisskattstjóra nr. 15/1999 um verðbreytingarstuðul fyrir árið 1999.

Samkvæmt ákvæðum 26. gr. laga nr. 75, 14. september 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, hefur ríkisskattstjóri reiknað verðbreytingarstuðul fyrir árið 1999 til notkunar við ákvörðun á verðmæti eigna, söluhagnaði og fyrningum eftir því sem nánar er ákveðið í þeim lögum. Verðbreytingarstuðull fyrir árið 1999 er 1,0561 miðað við 1,0000 fyrir árið 1998.

*Reykjavík, 10. desember 1999.*

**Indriði H. Þorláksson.**

17. desember 1999

Nr. 869

## REGLUGERÐ

### fyrir Hitaveitu Stykkishólms.

#### I. KAFLI

#### Rekstrarform.

##### 1. gr.

Hitaveita Stykkishólms er sjálfstætt fyrirtæki, sem Stykkishólmsbær á og starfrækir. Fyrirtækið heitir Hitaveita Stykkishólms og er hér eftir nefnt hitaveitan.

##### 2. gr.

Tilgangur hitaveitunnar er að afla, selja og veita heitu vatni um orkuveitusvæði sitt og reka aðra þá starfsemi sem því tengist.

##### 3. gr.

Starfssvæði hitaveitunnar er Stykkishólmur.

##### 4. gr.

Yfirstjórn hitaveitunnar er í höndum bæjarstjórnar en framkvæmdastjórn hennar skal falin bæjarráði, eða sérstakri veitustjórn eftir ákvörðun bæjarstjórnar. Kjörtímabil hennar skal þá vera hið sama og bæjarstjórnar. Bæjarstjórn ræður framkvæmdastjóra hitaveitunnar.

##### 5. gr.

Verkefni framkvæmdastjórnar veitunnar er:

1. Að hafa eftirlit með því að skipulag hitaveitunnar og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi.
2. Að ákveða framkvæmdir varmaorkumála á orkuveitusvæði hitaveitunnar í samræmi við samþykktir bæjarstjórnar og ákvæði sveitarstjórnarlaga.
3. Að semja gjaldskrá fyrir veituna og leggja hana fyrir bæjarstjórn.
4. Að undirbúa samninga um orkukaup og orkusölu.
5. Að semja fjárhagsáætlanir og leggja fyrir bæjarstjórn.
6. Að gera tillögur um ráðningu fastra starfsmanna eða verktaka fyrir hitaveituna til bæjarstjórnar.
7. Að gefa bæjarstjórn þær skýrslur sem óskað er eftir.